

**Ed.**

**468. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

34. gr. orðist þannig:

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal stíga í sjerstakan, þar til gerðan ræðustól.

Skal hann ávalt vikja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa neinn einstakan þingmann með nafni, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu.

2. gr.

Í stað annarar málsgreinar í 35. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ráðherrar mega tala svo oft og lengi sem þeim þykir þurfa.

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar og flutningsmaður máls mega tala lengst eina klukkustund í senn við frumræðu hvers máls og framsögumenn fjárveitinganefnda tvær klukkustundir.

Aðrar ræður mega ekki standa lengur yfir en hálf klukkustund og stuttar athugasemdir ekki lengur en fimm mínútur.